

GJALDSKRÁ

fyrir móttökustöðvar úrgangs í Bláskógabyggð.

1. gr.

Fyrir hvern rúmmetra af úrgangi sem skilað er á gámasvæði skal greiða 6.700 kr. Greiðendur sorpeyðingargjalds fá klippikort sem myndar inneign á gámasvæðum sveitarfélagsins skv. gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs í Bláskógabyggð. Um flokka úrgangs og gjaldskyldu á móttökustöðvum fer samkvæmt eftirfarandi töflu:

Flokkur	Gjaldskyld frá heimilum og frístundahúsum	Gjaldskyld frá rekstraraðilum (fyrirtækjum og lögbýlum)
Almennur heimilisúrgangur	nei	já
Almennur rekstrarúrgangur	á ekki við	já
Blandaður úrgangur	já	já
Grófur óflokkaður úrgangur sem þarfnast flokkunar	já	já
Óflokkaður úrgangur	já	já
Grófur úrgangur frá framkvæmdum	já	já
Bólstruð húsgögn, dýnur o.þ.h. óendurnýtanlegt	já	já
Bílrúður	já	já
Steinefni frá framkvæmdum	já	já
Timbur, ómálað	já	já
Timbur, málað	já	já
Garðaúrgangur, greinar, gras	já	já
Lífrænn heimilisúrgangur	nei	já
Grjót, múrbrot og jarðvegur	já	já
Pappi og pappír	nei	já
Plastumbúðir og annað plast	nei	já
Gifsploður, flísar og postulín	já	já
Gler	nei	já
Hjólbarðar	nei	nei
Málmar	nei	nei
Spilliefni sem bera úrvinnslugjald	nei	nei
Raftæki	nei	nei
Heyrulluplast	nei	nei
Rafhlöður, rafgeymar	nei	nei
Fatnaður og klæði	nei	já
Dýrahæ	já	já
Skilagjaldsskyldar drykkjarumbúðir	nei	nei

2. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá viðkomandi án undangengins dóms, sbr. 4. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 11. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Bláskóga-
byggð. Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar 6. desember 2023
samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá nr. 1513/2020 fyrir
sorpmóttökustöðvar Bláskógabyggðar.

Bláskógabyggð, 13. desember 2023.

Ásta Stefánsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 29. desember 2023